

Tillaga samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál og stjórnar félags háskólakennara.

Samþykkt í háskólaráði 10. janúar 2013.

Desember 2012

Vegna kennsluskyldu aðjunktta, lektora og dósentta.

Í byrjun árs 2010 var ákveðið af hálfu háskólaráðs að kennsluskylda aðjunktta, lektora og dósentta skyldi aukin um 6 prósentustig, almennt úr 48% í 54%, sbr. kafla 1.2 í fundargerð háskólaráðs frá 17.12.2010:

1.2 Fjármál Háskólans.

Inn á fundinn komu Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri fjármála og reksturs og Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs og gerðu grein fyrir tillögum fjármálanefndar háskólaráðs um aðgerðir vegna niðurskurðar fjárveitinga til Háskóla Íslands og drögum að fjárhagsáætlun háskólans fyrir árið 2011. Málið var rætt ítarlega og svöruðu rektor, Guðmundur og Sigurður spurningum ráðsmanna.

- Tillögur fjármálanefndar um aðgerðir vegna niðurskurðar fjárveitinga til Háskóla Íslands samþykktar, með eftirfarandi breytingum:

Liður 1: Stúdentar fá fulltrúa í starfshópnum um aðgangstakmarkanir.

Liður 2: Háskólinn beiti sér fyrir því að skrásetningargjöld við Háskóla Íslands verði láns hæf hjá Lánaþjóði íslenskra námsmanna.


Liður 3: Almenn stjórnunarskylda lektora, dósentta og prófessora í fullu starfi við Háskóla Íslands lækkar úr 12% í 6%. Jafnframt lækkar kennsluskylda tímabundið um sex prósentustig. Hækkun kennsluskyldunnar tekur gildi 1. júlí 2011 og verður endurskoðuð eigi síðar en í árslok 2011, í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012, eða fyrr ef aðstæður leyfa. Jafnframt verði sérstaklega komið til móts við þá sem sinna helstu stjórnunarstörfum innan háskólans með lækkun kennsluskyldu eða annarri umbun. Þá er rektor falið að skipa starfshóp sem geri, í samráði við kjarafélög kennara, tillögu til háskólaráðs um skilgreiningu á stjórnunarhluta starfs akademískra starfsmanna og hvernig umbunað verður fyrir hann.

Endurskoðun í lok árs 2011 leiddi í ljós að óvarlegt var að gera ráð fyrir því að unnt væri að lækka kennsluskyldu árið 2012. Í lok árs er það hins vegar mat Samráðsnefndar háskólaráðs HÍ að svigrúm sé til að gera upp kennslu ársins 2012 miðað við 52% kennsluskyldu í stað 54% og miðað við 52% kennsluskyldu árið 2013.

Að höfðu samráði við Félag háskólakennara leggur Samráðsnefnd háskólaráðs því fram eftirfarandi tillögu til háskólaráðs:

1. Lektorar og dósentar í 50% aðalstarfi eða meira við HÍ.

Starfsskyldur	2012	2013	2014
Kennsla	52%	52%	50%
Rannsóknir	42%	42%	50%
Stjórnun	6%	6%	0%



2. Aðjunktur í 50% aðalstarfi eða meira við HÍ.

Starfsskyldur	2012	2013	2014
Kennsla	65%	65%	67%
Rannsóknir	31%	31%	33%
Stjórnun	4%	4%	0%

Starfsskyldur kennara sem eru í lægra en 50% starfshlutfalli eru óbreyttar árið 2012 og 2013. Frá og með árinu 2014 skiptast þær í kennslu og rannsóknir þar sem stjórnunarhlutanum hefur verið skipt til helminga á milli kennslu og rannsókna.

Skýring:

Það er sameiginlegur áhugi Samráðsnefndar og stjórnar Félags háskólakennara að stefna að því að starfsskyldum kennara sé einungis skipt í rannsóknir og kennslu. Því er gert ráð fyrir að frá og með árinu 2014 skiptist starfsskyldur til helminga í rannsóknir og kennslu.

Þessu til viðbótar komi til afsláttur á kennsluskyldu fyrir vel skilgreind stjórnunarstörf samanber ákvörðun Háskólaráðs frá 16.06.2011. Annað sem telst eðlilegur hluti af starfi háskólakennara, svo sem seta á deildarfundum, sviðsþingum og öðrum fundum er lúta að skipulagi kennslu og rannsókna, gerð umsókna, ritrýni greina og bóka, ritun meðmælabréfa telst ýmist rúmast innan kennslu eða rannsókna án þess að það sé metið sérstaklega til klukkustunda. Samráðsnefnd háskólaráðs og Fh um kjaramál mun skera úr um vafaatriði í þessu sambandi.

Það er mat Samráðsnefndar og stjórnar Félags háskólakennara að í þessu felist einföldun sem er til hagsbóta fyrir báða aðila.


Verði framangreind tillaga samþykkt (liðir 1 og 2) verði viðeigandi breytingar gerðar á reglum um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands nr. 605/2006, sbr. 5. mgr. 15. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008.

F.h. Samráðsnefndar háskólaráðs



Guðmundur R. Jónsson, formaður

F.h. Félags háskólakennara



Jörundur Guðmundsson, formaður